


Viðbragðsáætlun við Jarðskjálfta



Jarðskjálftar verða þegar jarðskorpan brotnar eða hrekkur til á gömlum brotaflötum. Þeir gera sjaldnast boð á undan sér. Því er nauðsynlegt að gera öryggisráðstafanir fyrirfram og læra rétt viðbrögð. Jafnframt er mikilvægt að hug avel að forvörnum og festa skápa, hillur og þunga muni í gólf eða vegg. Stórir þungir munir eiga ekki að vera uppi í eða á háum hilum.

Ef vart verður við jarðskjálfta er mikilvægt að halda ró sinni og fara eftir eftirfarandi leiðbeiningum:

KRJÚPA – SKÝLA – HALDA -er orðaröð sem rétt er að leggja á minnið



Viðbrögð þegar verið er innandyrá

Við jarðskjálfta getur verið hættulegt að hlaupa út úr byggingu. Leita skal skjóls og vera kyrr á öruggum stað innandyrá t.d. út í horni við burðarveggi fjarri gluggum. Ef vaknað er upp við jarðskjálfta, skal halda kyrru fyrir og nota kodda til að verja höfuð. Viðbrögð við jarðskjálfta ættu að vera:

1. Krjúpa, skýla höfði og halda sér í ef ekki er unnt að komast á opið svæði.
2. Fara út í horn burðarveggja, KRJÚPA, SKÝLA höfði og HALDA sér ef unnt er.
3. Fara í hurðarop, KRJÚPA, SKÝLA höfði og HALDA sér.
4. Fara undir borð, KRJÚPA, SKÝLA höfði og HALDA í borðfót.
5. Halda sig frá gluggum þar sem þeir geta brotnað.

¹ <https://www.almannavarnir.is/natturuva/jardskjalftar/varnir-gegn-jardskjalfta/>

Viðbrögð ef verið er utandyra



1. Vertu áfram úti.
2. Forðast skal háar byggingar sem geta hrunið eða há tré.
3. Forðast skal raflínur.
4. Best er að halda sig á opnu svæði þar sem byggingar þrengja ekki að.

Eftir jarðskjálfta:

1. Nemendur og starfsfólk skal klæðast skóm (ef brak er á gólfum).
2. Starfsfólk skal ná í nauðsynleg hjálpargögn úr sjúkrakassa ef þarf.
3. Skólastjóri eða staðgengill hans skal skrífa fyrir inntak vatns og hita ef leki er óviðráðanlegur og slökkva á aðalrofa rafmagns ef húsið er skemmt.
4. Skólastjóri eða staðgengill hans skal athuga hvort eldur er laus og nota ekki opið ljós eða eld ef hætta er á að eldfim efni hafi hellst niður eða gas sloppið út.
5. Aldrei skal snerta fallnar raflínur.
6. Sé það mat starfsfólks að húsið sé í hættulegu ástandi eftir skjálftann, skal fara rólega út.
7. Sé húsið yfirgefið, skal klæðast eins vel og kostur er og fylgja eftir viðbragðs- og rýmingaráætlun.
8. Starfsfólk skal kveikja á útvarpstæki til að móttaka mikilvægar upplýsingar frá Almannavörnum.

Takið aldrei óþarfa áhættu við björgunarstörf - hugsið fyrst og fremst um öryggi barnanna og ykkar eigið.

Mikilvægt er að viðbrögð barna og starfsmanna séu æfð á hverju skólaári: krjúpa, skýla, halda, þar sem því verður við komið, sökum aldurs og þroska og reynið þannig að minnka líkur á meiðslum og ofsahræðslu.